

Greiðslur í sjóðinn miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 22. október 1976.*

**F. h. r.**

**Jón L. Arnalds.**

*Gylfi Þórðarson.*

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 202 11. september 1970 um lánveitingar  
húsnæðismálastjórnar úr Byggingarsjóði ríkisins.

### 1. gr.

30. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Lán samkvæmt þessum kafla reglugerðar þessarar skulu að jafnaði vera tryggð með 1. veðrétti í hlutaðeigandi íbúð. Íbúðin skal fullnægja reglum skipulags- og byggingaryfirvalda, svo og heilbrigðissamþykkt hlutaðeigandi staðar.

Um vexti og lánakjör gilda almenn ákvæði reglugerðar þessarar, að öðru leyti en því, sem tekur til lánstíma, skv. 29. gr.

Nú eru áhvilandi lán á veðréttum á undan láni samkvæmt þessum kafla við kaup íbúðar, og er þá Veðdeild Landsbanka Íslands heimilt að taka veð á lakari veðrétti, og má samanlögð fjárhæð þeirra lána og láns samkvæmt þessum kafla nema allt að 65% brunabótamats íbúðarinnar, eða sérstaks mats trúnaðarmanna Veðdeildar.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 25. október 1976.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Skúli Sigurðsson.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 40 19. febrúar 1976 um skráningu ökutækja.

### 1. gr.

Við 1. málgr. 1. gr. bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:  
c. beltabifhjól

### 2. gr.

1. málgr. 9. gr. orðist svo:

Á bifreiðum skulu vera tvö skráningarmerki, að framan og að aftan. Á öðrum skráningarskyldum vélknúnum ökutækjum skal vera eitt skráningarmerki, á bif-

hjólum og léttum bifhjólum að aftan, en á dráttarvélum og beltabifhjólum að framan. Heimilt er að hafa skráningarmerki aftan á dráttarvél og beltabifhjóli, ef sérstaklega stendur á og aðstaða er til þess að mati bifreiðaeftirlitsmanns.

### 3. gr.

Á eftir 14. gr. komi ný grein, 14. gr. a, svo hljóðandi:

Skráningarmerki beltabifhjóla skulu vera réttthyrnd með svörtum stöfum á hvítum, glíuðum grunni, 80 mm á hæð, en hæð stafa 50 mm. Aftan við umdæmisbókstaf skal standa bókstafurinn b, 35 mm á hæð.

### 4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 62 31. maí 1976, öðlist þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. október 1976.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

## AUGLÝSING

### um afgreiðslutíma Selfoss Apóteks.

Samkvæmt heimildum í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972, skal afgreiðslutími Selfoss Apóteks vera sem hér segir:

Mánudaga — föstudaga .....	kl. 09.00—18.30
Laugardaga og sunnudaga .....	kl. 10.00—12.00
Helgidaga, að undanskildum nýársdegi, föstudeginum langa, páskadegi, hvítasunnudegi og jóladegi .....	kl. 10.00—12.00

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 6. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. sept. 1976.*

**F. h. r.**

**Páll Sigurðsson.**

*Almar Grimsson.*